

SKOTÆFINGASVÆÐI

Á EYVINDARÁRDAL, FLJÓTSDALSHÉRAÐI

Deiliskipulag skotæfingasvæðis

Greinargerð

Útgáfa 0.0 – 07.07.2009



**VERKFRÆÐISTOFA
AUSTURLANDS**

DEILISKIPULAG – GREINARGERÐ

Legg og afmörkun skipulagssvæðisins

Svæðið sem deiliskipulagið tekur til er skilgreint sem O13, opið svæði til séstakra nota í Aðalskipulagi Austurhéraðs 2002-2017.

Svæðið er skipulagt sem skotæfingasvæði á Eyvindarárdal. Skipulagsákvæði aðalskipulagsins kveða á um að uppbygging, landmótun og frágangur skuli vera samkvæmt deiliskipulagi.

Skipulagssvæðið er 11 km frá miðbæ Egilsstaða, við veg nr 953, sem er vegurinn til Mjóafjarðar.

Austan við skipulagssvæðið liggur háspennulína, en vestan við svæðið rennur Eyvindará. Að sunnanverðu afmarkast skipulagssvæðið af vatnsverndarsvæði við Þuríðarstaði. Skipulagssvæðið er allt utan grannsvæðis vatnsverndarsvæðisins.

Skipulagssvæðið er í heild um 8,4 ha. að stærð, en þar af er lóð skotsvæðisins 7,7 ha.

Lýsing á staðháttum

Skipulagssvæðið liggur í Eyvindarárdal, í um 150 m y.s. Landið einkennist af mó- og graslendi og blautri mýri. Smáir lækjarfarvegir liggja í gegnum svæðið.

Vatnsverndarsvæði Þuríðarstaðaár liggur að skipulagssvæðinu í suðri.

Helstu þættir áætlunarinnar

Markmið með skipulaginu er að skilgreina og hanna framtíðar æfinga- og keppnissvæði fyrir Skotfélag Austurlands SKAUST. Starfsemi skotfélagsins er í eðli sínu nokkuð hávær eða á bilinu 120-130 dB við upptök. Því er mjög mikilvægt að vandað sé til staðsetningar á skotsvæði svo starfsemin valdi ekki ónæði í nærliggjandi byggð. Línuhönnun vann greinargerð vegna hljóðvistar fyrir skotsvæði sem fyrirhugað var að staðsetja á Eiðum, sjá viðauka. Í skýrslunni segir að til að tryggja viðmiðunarkröfur um hljóðstig þarf íbúðabyggð að liggja í um 2 km fjarlægð í skotgeira en 1 km í aðrar stefnur.

Fornminjar

Rétt utan við skipulagssvæðið eru tættur Þuríðarstaða. Ekki er leyfilegt að hrófla neitt við svæðinu í 50 m radius næst tóftunum.

SKIPULAGSTILLAGA

Almennt

Í skipulagstillögunni er gerð tillaga að lóðamörkum svæðisins. Gerð er tillaga að aðkomuleiðum, landnotkun, byggingarreitum, girðingum og gróðri.

Hljóðvist

Skipulagssvæðið er í tæplega 8 km fjarlægð frá næstu íbúðabyggð, mælt í beinni línu og uppfyllir því mjög vel viðmiðunargildi fyrir hljóðvist.

Vegir og aðkoma

Skipulagið gerir ráð fyrir nýrri vegtengingu frá Mjóafjarðarvegi. Gert er ráð fyrir að leggja 6,5 m breiðan malarveg um 150 m langan yfir eyrar Eyvindarár. Setja þarf 2 stk 2 m hólka í aðalfarveg árinna og síðan einn 1m hólk í hliðarfarveginn. Vegurinn verður lágur austan við stóru hólkana, þ.a áin geti flætt yfir veginn í flóðum. Innan skipulagssvæðisins verður gert ráð fyrir bílastæðum fyrir 18 bíla, sem fullnægir almennri notkun á svæðinu. Bílastæðið verður lagt bundnu slitlagi. Í sérstökum tilfellum, s.s. þegar keppni fer fram er gert ráð fyrir að opin svæði við aðkomuveg og meðfram Mjóafjarðarvegi séu nýtt sem umframbílastæði.

Skotsvæði

Áform eru uppi um uppbyggingu á svæðinu. Uppbyggingu riffilhúss, sem er óeinangrað timburhús á steyptri plötu. Uppsetningu á klúbbhúsi, gerð riffilbrauta með uppsetningu skotmarka með kúlugildrum með 100 m millibili. Gerð “Skeet” vallar með leirdúfukösturum og “Trap” vallar. Jafnframt hafa félagsmenn áform um gróðursetningu á svæðinu.

Heimilt verður að girða svæðið af.

Byggingar

Í deiliskipulagstillögunni eru skilgreindir byggingarreitir fyrir klúbbhús og skothús. Byggingarreitur fyrir skothús er þegar fullnýttur, en reitur fyrir klúbbhús er afmarkaður þannig að sveigjanleiki er til staðar vegna framtíðaruppbyggingar. Heimilt er að skipta reitnum upp þannig að fleiri en eitt hús verði byggt á reitnum. Mannvirki á svæðinu skulu vera timburhús á 1. hæð og hæð húsa verði ekki hærri en 6 m. Hús skulu vera í lítt áberandi litum, svo þau falli vel í umhverfið. Hámarks flatarmál bygginga er skilgreint á uppdraetti.

Veitur

Engar veitulagnir liggja að svæðinu eins og er og þarf því lóðarhafi sjálfur að útvega rennandi vatn og rafmagn ef þörf er á. Gert er ráð fyrir að grafinn verði brunnur fyrir útvegum á köldu vatni. Frárennsli verður leitt í lokaða rotþró sem tæmd er beint í bíl. Afrennsli af bílastæði verður lagt í olfuskilju.

Girðingar

Heimilt er að girða svæðið af með allt að 1,5 m hárrí girðingu og skulu girðingar þannig staðsettar og útfærðar að þær falli vel að landslaginu. Æskilegt er að setja viðvörðunarskilti á girðingu.

Gróður

Trjábelti eru skipulögð á svæðinu til skjólmyndunar og fegrunar. Trjágróður dregur úr hljóðflæði og vindi, hefur fagurfræðilegt gildi og eykur fjölbreytni svæðisins. Svæðinu skal raskað sem allra minnst en allt rask skal ræktað upp með náttúrulegum gróðri eins og kostur er eða grasi.

Fara skal eftir leiðbeiningum sem settar verða af skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs varðandi útfærslu, tegundaval og frágang á svæðinu.

UMGENGNI Á DEILISKIPULAGSSVÆÐINU

Viðhald mannvirkja

Umgengisreglur þessar verða hluti af lóðarleigusamningi og úthlutunarreglum sem Fljótsdalshérað setur. Eigendum er skilt að viðhalda eignum sínum og sjá til þess að nánasta umhverfi sé snyrtilegt og viðhaldið.

Ekki er heimilt að hota mannvirki á annan hátt en gert er ráð fyrir í deiliskipulagi þessu.

Háspennulína liggur rétt austan skipulagssvæðisins. Landsnet eigandi línunnar setur það sem skilyrði fyrir staðsetningu svæðisins svo nálægt línunni að skotsvæðinu verði lokað þegar til viðhalds, viðgerðar eða eftirlits á línunni kemur. Mun stjórn skotfélagsins bera ábyrgð á lokun svæðisins hverju sinni í samráði við Landsnet.

Almenn umgengni

Snyrtileg umgengni er áskilin og er Fljótsdalshéraði heimilt að láta fjarlægja á kostnað og ábyrgð leigutaka allt rusl og annað sem til óþrifa eða óæginda er á svæðinu. Lóðarhafar skulu hlíta þeim umgengnisreglum sem skipulags og byggingarnefnd Fljótsdalshéraðs kann að setja fyrir svæðið að öðru leyti. Um almenna umgengni og hegðun er vísað til lögreglusamþykktar Fljótsdalshéraðs og annarra reglugerða þar um.

Notkun svæðisins

Á skotsvæði skal fara eftir reglugerð um skotvopn, skotfæri og fl. nr. 787/1998 með síðari breytingum.

Svæðið verður aðeins opið fyrir félagsmenn Skotveiðifélags Austurlands með örfáum undantekningum. Að höfðu samráði við umsjónarmenn svæðisins getur Lögregla fengið aðgang að svæðinu fyrir námskeið og æfingar. Eins geta hreindýraeftirlitsmenn að fengnu leyfi frá umsjónarmönnum fengið aðgang að svæðinu til undirbúnings fyrir þá veiðimenn sem þeir hyggjast fylgja til veiða.

Notkun blýhagla er bönnuð á skeet og trapsvæðum.

KYNNING, AUGLÝSING OG MEÐFERÐ ATHUGASEMDA

Deiliskipulagstillagan var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd Fljótsdalshéraðs þann _____.

Deiliskipulagstillagan var auglýst þann _____ með athugasemdarfresti til _____.

Deiliskipulagstillagan var samþykkt í bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann _____.

GILDISTAKA OG FRAMKVÆMD

Skipulagsáætlun þessi tekur gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni afgreiðslu í samræmi við ákvæði skipulags og byggingarlaga nr 73/1997 með síðari breytingum og hefur hlotið númerið _____.

Bæjarstjórinn á Egilsstöðum